Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR LÁRA ÁSBERGSDÓTTIR
2022-06-08 16:27:33 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SUNNA VIÐARSDÓTTIR
2022-06-09 08:13:10 GMT
Ástæða: Undirskrift

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

mrn@mrn.is
545 9500

Sölvhólsgötu 4,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Garðabær
B.t. bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík 8. júní 2022
Tilv.: MRN22020376/6.14.2

Efni: Óskað staðfestingar á að vinnu samkvæmt umbótaáætlun Garðabæjar og Flataskóla sé lokið

Vísað er til fyrri bréfasamskipta vegna úttektar á Flataskóla sem fram fór í janúar 2018.

Ráðuneytið óskaði í bréfi dags. 2. maí sl. eftir upplýsingum um framkvæmd þeirra umbóta sem áætlaðar voru í umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans á skólaárinu 2021-2022.

Ráðuneytið hefur nú móttekið upplýsingar um framkvæmd umbótaáætlunar Garðabæjar og Flataskóla með tölvupósti dags. 23. maí sl. þar sem fram kemur í upplýsingum frá skólastjóra að búið sé að vinna að öllum þeim umbótum sem settar voru fram í kjölfar úttektarskýrslu á starfsemi skólans. Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar og óskar eftir staðfestingu sveitarfélags á því að vinnu samkvæmt umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans sé lokið. Ef umbótum er ekki lokið óskar ráðuneytið eftir skýringum þar að lútandi.

Auk þess óskar ráðuneytið eftir mati sveitarstjórnar á því hvernig sveitarfélagi og skóla hefur tekist að vinna að umbótum á skólastarfinu í kjölfar úttektarinnar.

Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar upplýsingar berist ráðuneytinu eigi síðar en 30. júní nk. Ef svar sendist ráðuneytinu í tölvuskeyti þá vinsamlegast sendið á **mrn@mrn.is**.

Fyrir hönd ráðherra

Sigríður Lára Ásbergsdóttir    Sunna Viðarsdóttir

Ljósrit: Skólastjóri Flataskóla, formaður skólaráðs Flataskóla og formaður skólanefndar Garðabæjar.

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026